



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar**

Það var ógleymanleg stund þegar Oscar Luigi Scalfaro forseti Ítalíu gekk með mér um forsetasetrið á Bessastöðum og lýsti með mælsku og hrifnæmi aðdáun sinni á samspili lita og náttúru í íslenskum málverkum.

Á síðasta kvöldi heimsóknar hans sátum við í salarkynnum Listasafns Íslands og sinfónía íslenska landslagsmálverksins, sköpunarkraftur meistaranna í 20. aldar málralist hinnar norðlægu eyþjóðar, ómaði af veggjunum allt í kring.

Samræðurnar voru innblásnar af málverkunum og gómsæti kvöldverðarins – íslenskur saltfiskur matreiddur á ítalska vísu – jök vissulega gleði kvöldstundarinnar.

Þá varpaði Oscar Luigi Scalfaro forseti fram þeirri hugmynd að færa íslensk málverk til Rómar og opna Ítölum sýn á sköpunardýrð hinna íslensku meistara.

Íslenska þjóðin þakkar forseta Ítalíu þessa höfðinglegu hugmynd. Við vonum að vinir okkar á Ítalíu muni á sama hátt og forsetinn njóta þeirra listaverka sem hér eru sýnd.

undirrit